

# Listasafn Íslands

Samræmd safnastefna á sviði myndlistar

Netkönnun - samantekt

Janúar 2020

# Netkönnun


Netkönnun þessi var liður í vinnu við móttun samræmdrar safnastefnu á sviði myndlistar, en könnunin var send með tölvupósti á skilgreinda hópa hagaðila í lok nóvember og var opin fram yfir miðjan desember 2019 (könnunin var opin frá 25.nóv-16.des). Könnunin var opnuð aftur í janúar 2020 (13.-22. jan) fyrir starfsfólk Listasafns Íslands.

Netkönnunin var send á ýmis félög sem tengjast listasöfnum og myndlist (s.s. ICOM, FÍSOS, Listfræðafélag Íslands, SÍM, Félag íslenskra myndmenntakennara) og fulltrúar félaganna beðnir um að áframsenda hana á sína félagsmenn. Könnunin var send kennara og nemendur í safnafræði og listfræði, hún var einnig send á aðila sem starfa við menningarstjórnsýslu og á fulltrúa í safnaráði. Könnunin var einnig send á aðila í ferðaþjónustu, Félag leiðsögumanna og kennara í leiðsögunámi við EHÍ og MK.

Svörun var nokkuð góð en yfir 200 svör bárust, þó ekki hafi allir svarað öllum spurningunum í könnuninni. Hér á eftir fer samantekt á þeim svörum sem bárust.

# Netkönnun - spurningar

Q1 Þessi könnun er send á ólíka hópa og hagsmunaaðila. Vinsamlega veldu hvaða hópi/hópum þú tilheyrir:



## Hópar:

|                                 |    |
|---------------------------------|----|
| Myndmenntakennari               | 21 |
| Myndlistarmaður/SÍM             | 88 |
| Listfræðafélag Íslands          | 7  |
| ICOM                            | 16 |
| FÍSOS                           | 31 |
| Félag íslenskra safnafræðinga   | 1  |
| Nemi í listfræði eða safnafræði | 12 |
| Starfa hjá listasafni           | 31 |
| Aðrar skapandi greinar          | 16 |
| Menningarstjórnsýsla            | 13 |
| Starf/nám í ferðaþjónustu       | 72 |


Alls svöruðu 213 manns

Fram komu önnur svör í athugasemdum: grafískur hönnuður FÍT, umbúðahönnuður, grunnskólakennari, listgreinakennari, menningarminjasafni, verkefnastjóri á bókasafni, háskólakennari.

# Netkönnun - spurningar

Spurning 2 - Hvað dettur þér í hug þegar þú heyrir orðið listasafn (195 svör):

Hvað dettur þér í hug þegar þú heyrir orðið listasafn



Flokkur 1 - Þeir sem nefna ákveðið safn/söfn

Flokkur 2 - Þeir sem tengja við myndlist, listaverk eða listasýningar.

Flokkur 3 - Þeir sem tengja við samfélagslegt hlutverk, menningu, upplifun og annað slíkt.

Flokkur 4 - Þeir sem útskýra með frekar faglegum skilgreiningum á listasafni.

Langflestir tengja við listaverk eða listasýningar eða 50% af þeim sem svara.

Næst tengir fólk við alls kyns upplifun, sköpun, menningu, ró, frið, fegurð, stað til að njóta, ánægju tilfinningu, kyrrð, nýjungar, helgidóm, menningarspegil, fjársjóð, eða 26% þeirra sem svara könnuninni.

16% útskýra orðið listasafn með nokkuð faglegum skilgreiningum og 7,5% með því að nefna ákveðið safn eða sögn


Sjá öll svör í viðauka.

# Netkönnun - spurningar

Q3 Hlutverk Listasafns Íslands samkvæmt lögum er að leitast við að safna íslenskri myndlist, vera miðstöð varðveislu, rannsókna, heimildasöfnunar og miðlunar á íslenskri myndlist. Listasafn Íslands veitir öðrum listasöfnum ráðgjöf, stuðlar að samvinnu listasafna og vinnur að samræmdri safnastefnu á sviði myndlistar. Vinsamlega merktu við hvernig þú telur að Listasafni Íslands gangi að uppfylla þetta hlutverk: (176 svör)

Q4 Hlutverk listasafna samkvæmt lögum er að varpa ljósi á listasögu, styrkja safnkost og heimildasöfnun innan síns sérsviðs, gera söfn aðgengileg almenningi og fræðimönnum í gegnum starfsemi sína á sviði söfnunar, skráningu, varðveislu, rannsókna, sýninga og miðlunar. Vinsamlega merktu við hvernig þú telur almennt að listasöfnum gangi að uppfylla þetta hlutverk: (174 svör)

Q6 Hlutverk listasafna samkvæmt opinberri stefnumótun er einnig að stuðla að sköpun og þátttöku í menningarlífinu, veita gott aðgengi að listum og menningararfi, stuðla að samvinnu aðila sem starfa á sviði menningar, ná til ólíkra markhópa og leggja áherslu á þátttöku barna og ungmenna í menningarlífinu með að það augnamiði að auka menningarlæsi. Vinsamlega merktu við hvernig þú telur almennt að listasöfnum gangi að uppfylla þetta hlutverk: (160 svör)




Sjá nánari sundurliðun í viðauka

# Netkönnun - spurningar

## Spurning 3 - Lögbundið hlutverk Listasafns Íslands, skýringar (53 svör):

Lögbundið hlutverk Listasafns Íslands



**Starfsemi LÍ** - flest svörin eða um 43% koma inn á einhverja þætti starfsemi eða starf LÍ heilt yfir.

**Fjárskortur** - næstflest svörin eða 26,5% snúa að skorti á fjármagni í rekstri og þau hamlandi áhrif sem hann hefur á starfið.

**Safneign, innkaup og rannsóknir** - rúm 16.3% svaranna fjalla um safneign LÍ, innkaupastefnu og vöntun á kaupum á nútímalist og svo rannsóknum.


**Annað** - um 14% svaranna snúa að öðru, þá oftast því að svarendur skorti þekkingu til að geta metið.

Einhver skörun er í svörum og sum svör koma inn á fleiri en einn þátt.

# Netkönnun - spurningar

## Spurning 4 - Lögbundið hlutverk listasafna almennt, skýringar (35 svör):

Lögbundið hlutverk listasafna almennt



**Starfsemi** - flest svörin eða um 43% koma inn á einhverja þætti starfsemi listasafnanna, aðgengi, fjölbreytni eða innviði.

**Fjárskortur** - næstflest svörin eða 20% snúa að skorti á fjármagni í rekstri og áhrif hans.

**Samvinna og fræðsla** - tæp 9% svaranna fjalla um samvinnu og fræðslustarf listasafna.

**Annað** - um 11% svaranna snúa að öðrum þáttum.


**Veit ekki** - 17% svarenda telja sig ekki geta metið það.

Eins og áður er skörun í svörum og sum svör koma inn á fleiri en einn þátt.

# Netkönnun - spurningar

Spurning 6 - Hlutverk listasafna skv opinberri stefnumótun, skýringar (30 svör):

Hlutverk listasafna skv opinberri stefnumótun



**Starfsemi listasafna** - flest svörin eða um 45% koma inn á einhverja þætti starfsemi listasafnanna.

**Samvinna og fræðsla** - næstflest svörin eða um 24% fjalla um fræðslumál, samstarf við skóla, samstarf og samráð, t.d. við SÍM og undirfélög.

**Listamenn** - tæp 7% svaranna snúa að tengingu við listamenn og samstarfi við þá.

**Fjárskortur** - tæp 7% snúa að skorti á fjármagni í rekstri og áhrif hans.

**Annað** - um 7% svaranna snúa að öðrum þáttum.


**Veit ekki** - rúm 10% svarenda telja sig ekki geta metið það.

Eins og áður er skörun í svörum og sum svör koma inn á fleiri en einn þátt.



# Netkönnun - spurningar

Q5 Ef þú starfar hjá listasafni biðjum við þig að svara eftirfarandi spurningu. Vinsamlega merktu við hvernig þú telur að listasafninu sem þú starfar hjá gangi að uppfylla eftirfarandi hlutverk:



Sjá nánari sundurliðun og hlutfallstölur í viðauka.

Alls svöruðu 63 manns

# Netkönnun - spurningar

## Spurning 5 - Þitt listasafn, frekari skýringar (6 svör):

Barnastarf, viðburðir fyrir eldri borgara og stórir viðburðir líkt og Safnanótt, Menningarnótt o.s.frv.

(Ég vinn stundum hjá listasöfnum, ekki fastráðinn. Ég svara út frá því safni sem ég vann í nýlega.)

Vilji, vinna og ástundun í "mjög vel" flokki.


Söfnunin gengur illa vegna skort á fjármagni frá því opinbera.

Safnið er í nokkuð góðum samskiptum við það samfélag sem það starfar í

Vantar rannsóknir og útgáfur bóka ofl. í töfluna hér fyrir ofan.

# Netkönnun - spurningar

Q7 Samstarf listasafna. Samstarf listasafna er mismikið. Sumir telja að mun meira samstarf ætti að vera milli listasafna, eða milli listasafna og annarra aðila. Einnig er stundum rætt um að listasöfnin séu mjög litlar einingar og að samvinna og jafnvel sameining gætu styrkt og eft starfsemi. Vinsamlega merktu við hversu mikla áherslu þú telur að leggja eigi á eftirfarandi atriði í listasöfnum í næstu framtíð:



Sjá nánari sundurliðun og hlutfallstölur í viðauka.

Alls svöruðu 146 manns

# Netkönnun - spurningar

## Spurning 7 - Samstarf listasafna, frekari skýringar (11 svör):

### *Sérstaða og sérkenni*

Söfnin gætu lagt áherslu á ólíka þætti.

Ég hvet til samvinnu ef úr því hlýst meiri lífandi listasöfn fyrir sum og meiri **fjölbreytileiki** og helst tíðari sýningar.

Þó áherslan sé á samstarf er ekki síður mikilvægt að söfnin haldi **sjálfstæði** sínu, þ.e. að hvert safn hafi sín **sérkenni** / áherslur.

Þó samstarf á ýmsum sviðum sé mikilvægt þá er líka mikilvægt að hvert safn haldi sínum **séreinkennum**. Sínum karakter ef svo má segja þannig að öll listasöfn verði ekki "eins".

Ég vil að söfnin haldi einkennum sínum og hafi mismunandi áherslur í hvað þau taka til sýningar og hverju þau safna. Hef áhyggjur ef söfn sameinast að þetta tapist. Eflaust má hagræða en ekki að söfn missi sérkenni sín.

### *Ekki endilega*

Það er ekki auðvelt að svara þessu á afgerandi hátt því á meðan Listasafn Íslands er rekið af ríkinu eru flest önnur listasöfn rekin af bæjarfélögum. Sameiginlegur rekstur og samstarf gæti því orðið flókinn, vegna ólíkra forsenda í rekstrinum. Samstarf er af hinu góða, en sameining er ekki endilega góður kostur þar sem ákveðin samkeppni þarf að vera til staðar. Hins vegar mætti skoða hvort ástæða er til að endurskoða hlutverk Þjóðminjasafns Íslands, og líta á hluta af safnkosti þess sem listasafn og færa þá gripi yfir til Listasafns Íslands, svo til verði samfelldari sýn á listasöguna.

Sameining listasafna er ekki af hinu góða fyrir almenning, listunnendur, myndlistarmenn eða aðra sem starfa á vettvangi listarinnar. En gæti hugsanlega verið af hinu góða fyrir fjárveitingarvaldið og aðra sem tala fyrir samþjöppun valds.

Erfitt að svara því skilgreina þarf eðli samstarfs í hvert sinn og á hvers forsendum það fer fram. Sýndarsamstarf er t.a.m. ekki líklegt til árangurs. Þættir eins og **skráning** og **varðveisla** ætti að vera hægt að samræma en söfnun, rannsóknir, sýningar, fræðsla og kynningarmál eru dálítið bundin af **sérsviði** hvers safns og áherslumunur á milli safna sem gerir samstarf erfiðara í framkvæmd. Þar sem svo **fáir starfsmenn** eru nú þegar á listasöfnum tel ég sameiginlega starfsmenn ekki æskilega áherslu því tætingurinn er nú þegar mjög mikill.


Listasafn Íslands, sem höfuðsafn hefur sérstöðu. Önnur söfn gætu haft meiri samvinnu sín í milli.

**Sameiginlegan gagnagrunn** með myndum og umsögnum.

Fleiri **samsýningar** og **útgáfur** þar sem listamönnum gefst kostur á að sýna og auka á orðspor sitt.

# Netkönnun - spurningar

Q8 Samstarf listasafna við aðra aðila. Vinsamlega merktu við hversu mikla áherslu þú telur að leggja eigi á eftirfarandi atriði í listasöfnum í næstu framtíð:



Sjá nánari sundurliðun og hlutfallstölur í viðauka.

Alls svöruðu 148 manns

# Netkönnun - spurningar

## Spurning 8 - Samstarf við aðra, frekari skýringar (7 svör):

### **Frelsi**

Eins mikið samstarf og hægt er, en þó verður að meta hvert safn fyrir sig og hvert verkefni fyrir sig. Ekki "tjóðra söfnin", en hafa opið og gott samstarf á milli safna.

### **Miðlun og fræðsla**

Auka á og miðla fræðslu og gagnrýni svo að almenningur tengi betur við þá myndlist sem er í deigluinni.

Ath. með sýningu á **frægum listaverkum**, erlendum!

Þarna er heldur ekki hægt að svara jöfnu um Höfuðsafnið og önnur söfn.

### **Áhersla á safngestinn**

Aftur þyrfti að skilgreina hvað átt er við með orðinu samstarf og á hvers forsendum það fer fram. Persónulega finnst mér of lítið hugsað um hinn almenna safngest á listasöfnum. Það er mikið ýtt undir samstarf við listamenn sem eru sérfræðingar í viðfangsefni safnsins en um leið er mögulega verið að útiloka almenning og búa til söfn sem eru "virki" utan um listina á kostnað safnafræðilegra þátta eins og að söfn séu raunverulega aðgengileg og áhugaverð fyrir almenning sem stofnanir reknar fyrir almannafé.


Vantar að hér sé skilgreint hvað „samstarf“ þýðir.

### **Grasrót, félagasamtök og háskólar**

Samstarf er af hinu góða, en það þarf að byggja á raunsæjum forsendum. Það þarf að gera ráð fyrir því að listasöfn eigi í samstarfi við sín sveitarfélög/stjórnsýslu. Ætti að vera sjálfsagt. Það er mikið talað um að söfn eigi að sinna rannsóknum, sem þau hafa ekki bolmagn til en ættu að gera, og þar gæti náði **samstarf við háskóla** leikið mikilvægt hlutverk. Þó ber þess að geta að þetta er alltaf spurning um hver á bera kostnaðinn. Það er auðveldast að vinna með **grasrót** og **félagasamtökum** því það er ódýrast.

# Netkönnun - spurningar

Q9 Sérstaða listasafna. Fram hefur komið að söfnin séu of lík og ættu að aðgreina sig betur hvert frá öðru. Með því að skilgreina betur sérstöðu safna megi tryggja betur heildstæða söfnun á listrænum menningararfi þjóðarinnar og miðlun á honum. Vinsamlega merktu við hversu mikla áherslu þú telur að leggja eigi á eftirfarandi atriði til að skerpa á sérstöðu listasafna í næstu framtíð.



Sjá nánari sundurliðun og hlutfallstölur í viðauka.

Alls svöruðu 145 manns

# Netkönnun - spurningar

## Spurning 9 - Sérstaða listasafna, frekari skýringar (13 svör):

Listasöfn sem **gríðarstaður**, þar sem listin er.

Enn það sama.

### **Betri nýting**

Sum söfn eru alltaf tóm og oft á tíðum illa nýtt eins og Gerðarsafn að mínum dómi. Sér í lagi neðri salur. Söfnin ná oft á tíðum ekki til fólksins með litlausum sýningum. Enda salir oftast tómir.

### **Sérstaða og sjálfstæði**

Hvert safn á að þróast sjálfstætt og fá til þess fé.

Góð samvinna þó áhersla verði lögð á að hvert safn hafi sína sérstöðu.

Fleiri sýningar og fjölbreyttara úrval tilheyrandi hverju safni og stefnu þess.

Get ekki svarað til um sérhæfingu og sérstöðu án þess að vita hverjar áherslurnar þá yrðu.

### **Sérsvið, sérstaða, svæði**

Mikilvægt er að listasöfnin taki ábyrgð á sínu sérsviði - hvort sem það er tengt ákveðnum listamönnum, landssvæðum eða liststefnum. Eins er mikilvægt að því fylgi fjármagn til rannsókna og sýningarhalds.

### **Ábyrgðarsafn/söfn?**

Ísland er lítið samfélag án sterkrar sérstöðu milli svæða, en mikilvægt að veita öllum landsmönnum aðgang að listasafni og þeirri starfsemi sem það hefur að bjóða- þess vegna á sérhæfing listasafna síður við hér en í stærri samfélögum þar sem fleiri en eitt listasafn eru á sama svæði. Það ber samt að leggja rækt við staðbundna sérstöðu sé hún til staðar. Sérhæfing krefst því mun meiri samvinnu en nú er og skoða þarf vel í því samhengi starfsmannamál. Ég vil helst skerpa á sérstöðu listasafna almennt en ekki sérstöðu þeirra á milli.

Þarna er vísað í sérstöðuna sem er að mínu áliti mikilvæg. Samstarf en sérstaða er lykilorð.


Skilgreina þyrfti hugtakið sérstaða svo hægt sé að svara þessu betur. Sérstaða á forsendum hvers?

Það er mögulega hægt að móta sértæka söfnunarstefnu fyrir einstök söfn, en sérstaða safna verður að mótast innan frá og byggja á sýn þess sem á og rekur safnið og síðan þess sem stýrir safninu á hverjum tíma. Hér gegna þeir sem leiða starfið því mikilvægara hlutverki en mótun stefnu ofan frá. Þá ber einnig að hafa í huga að ekki nærri öll listasöfn hafa fjármagn til að efla safnkostinn og því gæti slík "skerpa" leitt til þess að ákveðnir hlutar sögunnar myndu hreinlega liggja óbættir hjá garði. Það þyrfti allavega að ígrunda þetta MJÖG vel. Ef verið er að spyrja um aðgreiningu Listasafns Íslands og Listasafns Reykjavíkur, þá er það hlutverk hvors safns um sig að marka sér sérstöðu.



# Netkönnun - spurningar

Q10 Menntunarhlutverk listasafna. Listasöfn eru menntastofnanir í þeim skilningi að þau skulu veita aðgang að listrænum menningararfi og stuðla að aukinni þekkingu og skilningi á honum með miðlun og fræðslu. Vinsamlega merktu við hversu mikla áherslu þú telur að leggja eigi á eftirfarandi atriði í listasöfnum í næstu framtíð:



Sjá nánari sundurliðun og hlutfallstölur í viðauka.

Alls svöruðu 147 manns

# Netkönnun - spurningar

## Spurning 10 - Menntunarhlutverk listasafna, frekari skýringar (10 svör):

### **Börn og ungmenni**

Tengja listir við sögukennslu (myndlist,tónlist,arkitektúr).

Að opna söfnin meira fyrir börn og unglínga, og því fylgir auðvitað "góðar kynningar og safnakennsla, og leyfa börnun og ungmennum að taka þátt og jafnvel sýna á söfnum. Hér eru ótal möguleikar. Ekki gleyma mikilvægi þess að ala upp "listnjótendur" framtíðarinnar.

Nýta visku eldri borgara til að kynna fyrir yngri.

Hvatning til listsköpunar.

### **Samræða listamanna og fræðimanna**

Aukin gagnrýni og samræða um myndlist og meðal listamanna/fræðinga.

### **Fáliðun og fjárframlög**

Þegar ég haka við allt þetta er ég líka huginn því allt þetta krefst starfsfólks sem sinnir hverju og einu verkefni. Öll eru þau mjög krefjandi ef vel á að vera. Styrkja þarf mannauðinn og þar með fjárframlög til safna til að þau geti sinnt öllum þessum verkefnum.

Fjölmíðlaumfjöllun getur verið dálítið grunn, frekar að skrifa um þennan hluta starfsins, birta greinar, rannsaka og miðla á annan hátt en í fjölmíðlum.

### **Aðgengi og stafrænar leiðir**


Það er mikilvægt að hafa í huga misgott aðgengi að listasöfnum, og þá sérstaklega stóru listasöfnunum í Reykjavík, eftir landshlutum. Þar gætu stafrænar leiðir (s.s. fjarfræðsla) leist ákveðinn vanda. Einnig mætti bæta mjög aðgengi að safneign Listasafns Íslands. Sarpur er ágætur en ekki notendavænn fyrir aðra en sérfræðinga.

Er ekki verið að tala um myndlistarsöfn, hvað er átt við með skilgreiningunni "listrænn menningararfur" ???

Auðvitað er vinsælasta svarið að allir eigi að vera vinir og vinna saman. En .. sama og fyrr

# Netkönnun - spurningar

Q11 Húsakynni og opnunartímar.Vinsamlega merktu við hversu mikla áherslu þú telur að leggja eigi á eftirfarandi atriði í listasöfnum í næstu framtíð:



Sjá nánari sundurliðun og hlutfallstölur í viðauka.

Alls svöruðu 139 manns

# Netkönnun - spurningar

## Spurning 11 - Húsakynni og opnunartími, frekari skýringar (9 svör):

### **Upplifun**

Leggja áherslu á að safnið er staður þar sem hægt er að upplifa list.

Opin og virk söfn sem stuðlar að því að fólki líði vel innan um listaverkin / í listinni.

Auka streymi fólks á söfnin.

Söfn eru mismunandi og myndi mismunandi hlutir virka fyrir hvert safn.

### **Fjölmennning**

Atburðir sem höfða til nýbúa!

Breyttur opnunartími ?? Frá hverju ?.  
Kaffistofa er nauðsynleg, ekki víst um "veitingar" (teygjanlegt) Auðvitað eru allir viðburðir til góða, sérstaklega milli listgreina.

### **Forgangsröðun og faliðun**


Er þetta alltaf spurning um forgangsröðun? Það væri frábært ef söfnin gætu gert þetta allt, en þau eru yfirleitt faliðuð og sum hafa aðeins einn til tvo starfandi sérfræðinga sem þurfa að gera allt. Listasafn Íslands er undirmannað og getur með engu móti sinnt þessu öllu.

Ekki hafa söfnin lokuð einn dag í viku (mánudagar núna)heldur alltaf opin. Sum söfn mega gjarnan líka vera opin á kvöldin t.d til kl. 22.

allt þetta er til staðar í dag, og verið áður!

# Netkönnun - spurningar

Q12 Að ná til ólíkra hópa. Vinsamlega merktu við hversu mikla áherslu þú telur að leggja eigi á eftirfarandi atriði í listasöfnum í næstu framtíð:



Sjá nánari sundurliðun og hlutfallstölur í viðauka.

Alls svöruðu 139 manns

# Netkönnun - spurningar

## Spurning 12 - Að ná til ólíkra hópa, frekari skýringar (12 svör):

### **Að auka aðgengi að söfnum fyrir innflytjendur og útlendinga**

Að gefa greinargóðar upplýsingar um verk og myndhöfund td á upplýsingaspjöldum og/eða við hlið verks á isl og ensku.

Gera söfnin áhugaverð og aðgengileg fyrir útlendinga. Varðandi sýningar sem höfða til ólíkra hópa, þá á sennilega ekki það sama við fyrir öll söfn, um hvað beri að leggja áherslu á, þó vissulega væri áhugavert að gefa innflytjendum meira rými.

Sýningargerð þarf að vera á forsendum listarinnar, beinlínis með það að markmiði að höfða til innflytjenda eða barna. Vönduð sýning nær til allra. Samstarf við listamenn úr fjölbreyttum samfélagshópum er hins vegar mjög jákvætt

### **Virgni safna**

Virgni safna númer eitt ...

### **Ókeypis inn á söfn**

Mér finnst það eigi að vera ókeypis inn á söfn eins og t.d. í Bretlandi.

### **Útbúa námskeið í safnafræðslu**

Námskeið fyrir leiðsögumenn!

### **Önnur svör**

Veit ekki endilega hvað klúbbastarf þýðir í þessu samhengi.

Hvað er „óformleg leiðbeining“?


Hvað er átt við með listamenn úr fjölbreyttum samfélagshópum?

Allt þetta er í boði nú þegar.

Þetta eru raunar marklaus svör því það er svo margt annað sem kemur inn í. T.d. ættu minni söfn að sýna í samstarfi við listamenn, en höfuðsafnið ekki.

# Netkönnun - spurningar

Q13 Að ná til ólíkra hópa. Listasöfn höfða til ólíkra hópa og mismunandi áherslur lagðar á hverjum stað. Hvaða hópa telur þú að listasöfnin ættu helst að leggja áherslu á að nálgast í næstu framtíð. Vinsamlegast merktu við:



Sjá nánari sundurliðun og hlutfallstölur í viðauka.

Alls svöruðu 140 manns

# Netkönnun - spurningar

## Spurning 13 - Markhópar, frekari skýringar (7 svör):

### ***Ná til allra***

Ná til skapandi einstaklinga á öllum aldri,  
kyni, þjóðerni og stétt

Inngangseyri verður að gefa þessu fólki  
kleift að skoða sýningar.

Markmiðið ætti að vera að "ná til allra".

Aftur hér. Í draumaheimi væri dásamlegt ef  
hægt væri að sinna öllum þessum hópum.

Á við öll söfn.

### **Sinna áhugasömum**


Stundum gleymist að sinna þeim sem hafa  
áhuga og koma á söfnin.

**Leiðsögumenn!**



# Netkönnun - spurningar

Q14 Að vinna utan veggja safnsins. Listasöfn sinna ýmsum verkefnum utan veggja safnsins í dag en misjafnt á hverjum stað hvernig því er háttað. Vinsamlega merktu við hversu mikla áherslu þú telur að leggja eigi á eftirfarandi atriði í listasöfnum í næstu framtíð:



Sjá nánari sundurliðun og hlutfallstölur í viðauka.

Alls svöruðu 139 manns

# Netkönnun - spurningar

## Spurning 14 - Utan veggja safnsins, frekari skýringar (7 svör):

Virkni í allar áttir ...

Ég tel æskilegt að varðandi viðburði/sýningar utan veggja safna sé æskilegt að það verði í **samstarfi við myndlistarmenn**, líka á vinnustöðum.

**Fangelsi.** Heimili fyrir **langveika**. Heimili fyrir **hælisleitendur**.

Sýningar/viðburðir í öðrum **landshlutum** eru mjög mikilvægar enda eru söfnin staðsett víðsvegar um landið


Vinsælum **ferðamannastöðum**.

Mikilvægt að hafa list mjög sýnilega á **flugvöllum**, en rótera verkum, ekki fastar stytur heldur mismunandi verk/sýningar.

Á við um höfuðsafnið.

# Netkönnun - spurningar

Q15 Stafræn miðlun. Með stafrænni miðlun má ná til fólks sem ekki getur komið á staðinn og einnig má veita aðgengi að upplýsingum um sýningar og fræðslu hvenær sem hentar og óháð opnunartíma. Vinsamlega merktu við hversu mikla áherslu þú telur að leggja eigi á eftirfarandi atriði í listasöfnum í næstu framtíð:



Sjá nánari sundurliðun og hlutfallstölur í viðauka.

Alls svöruðu 139 manns

# Netkönnun - spurningar

## Spurning 15 - Stafræn miðlun, frekari skýringar (5 svör):

### ***Stafræn miðlun og list***

Stafræn miðlun listaverka kemur aldrei í stað þess að skoða listaverkið sjálft og er ofmetin nema um stafræn listaverk sé að ræða.

Góð virkni í allar áttir. Og auðvitað þarf auka fjármagn.

Færa listina nær fólki.


### ***Viðtöl við fræðimenn***

Hvað er átt við: Safna viðtölum við fræðimenn? - hverjir taka viðtölin? um hvað? Varðandi miðun sýninga á netinu, þá er ekki sama hvernig það er gert. Það þarf að vanda mjög gerð slíks efnis, og að sjálfsögðu í samráði við listamenn (höfunda verkanna).

Sé engan tilgang í að safna viðtölum við fræðimenn, hins vegar mættu söfnin leggja meiri áherslu á samstarf við fræðimenn, m.a. í tengslum við sýningar, rannsóknir og skrif.

# Netkönnun - spurningar

Q16 Faglegt starf. Það liggur í hlutarins eðli að mannauður og faglegt starf með safnkost er hornsteinn listafna. Allir þættir starfseminnar, söfnun, skráning, varðveisla, rannsóknir og miðlun byggja á þessum stöðum. Vinsamlega merktu við hversu mikla áherslu þú telur að leggja eigi á eftirfarandi atriði í listasöfnum í næstu framtíð:



Sjá nánari sundurliðun og hlutfallstölur í viðauka.

Alls svöruðu 138 manns

# Netkönnun - spurningar

## Spurning 16 - Faglegt starf, frekari skýringar (6 svör):

### **Efla þekkingu starfsmanna**

Mannauðurinn er lykillinn að allri velgengni safna þó safnkosturinn sé hornsteinninn þá gerist ekkert nema að starfsfólk með menntun og reynslu sinni sínu af alúð. Öflug endurmenntun, samstarf milli safna um fræðslu til að efla þekkingu starfsmanna. Meta þarf þekkingu og reynslu að verðleikum. Hlú þannig að hverjum og einum. Söfnin eiga að vera eftirsóttir vinnustaðir.

Hér vantar áherslu á museum pedagogy þ.e.a.s. óformlegt nám á söfnum sem fag -- það að læra á safni er einstakt og listasöfn ættu að vera leiðandi í því þar sem þau kunna vel á að beita sjónrænni nálgun í miðlun.

### **Námskrá**


Ég vil vekja athygli á því að varasamt er að tengja of mikið við námskrá skólanna því menntunargildi og saga menntunarhlutverks skólakerfisins annarsvegar og safnanna hinsvegar er ólíkt og byggir á ólíkum grunni. Söfnin eru lýðræðisleg í eðli og uppbyggingu, svo er einnig umþá menntun sem þau bjóða sem fór aðra leið en skólakerfið. Það er grundvallarspurning þetta með að fylgja námskrá eða ekki!!!! Söfn byggja á ÓFORMLEGRI menntun sem er skilgreind sérstaklega innan menntunargeirans. Skólarnir byggja á formlegri menntun sem einnig er skilgreind innan menntunargeirans og byggir á pófum og skilgreiningum.

Það getur verið hættulegt að binda safnfræðsluna alveg við námskránnar. Ég tel mjög mikilvægt að safnkennarar fá að móta starfið að stórum hluta, þó þeir styðjist við námskránnar. Safnkennslan má ekki vera of stýrandi.

Hvað þýðir „safnfræðsla“?

# Netkönnun - spurningar

Q17 Rannsóknir. Listasöfn hafa mismikla burði til að sinna rannsóknum í hefðbundnum akademískum skilningi. Hins vegar sinna listasöfn ýmsum rannsóknum í sínum daglegu störfum í tengslum við sýningar og miðlun safnkosts svo dæmi sé tekið. Vinsamlega merktu við hversu mikla áherslu þú telur að leggja eigi á eftirfarandi atriði í listasöfnum í næstu framtíð:



Sjá nánari sundurliðun og hlutfallstölur í viðauka.

Alls svöruðu 137 manns

# Netkönnun - spurningar

## Spurning 17 - Rannsóknir, frekari skýringar (4 svör):

### ***Rannsaka innviði***

Rannsaka innviði starfseminnar svo hún geti þróast. Sinna gestarannsóknnum í víðari skilningi en að telja hausa.

### ***Skilgreiningar og markmið***

kilgreiningar á fyrirbærinu rannsóknir eru mikið að breytast um þessar mundir.

Rannsóknarmarkmið hljóta að byggja á því hvort söfnin vilja stýra rannsóknnum eða eiga í samstarfi við fræðimenn, sem ráða sínum rannsóknaráherslum og þurfa að geta leitað til safnanna.


### ***Opið samstarf við akademíu***

Ekki binda söfnin og mikið við Akademiuna. En opið og gott samstarf er þó mikilvægt. Báðir aðilar þurfa að hafa rými.



# Netkönnun - spurningar

**Spurning 18** - Á heildina litið, hvað telur þú að séu helstu forgangsverkefni listasafna á næstu 10 árum. Nefndu 3-5 atriði sem þér þykir skipta mestu máli í þróun og framtíðarsýn listasafna. Alls svöruðu 92 manns



**Sýnileiki, miðlun og fræðsla** - flest svörin eða um 60% koma inn á fræðslumál, miðlun og eins sýnileika listasafnanna.

**Stefna** - næstflest svörin eða um 18% snúa að stefnu eða tengdum málum.

**Listamenn** - rúm 9% svaranna snúa að listamönnum, samstarfi, kynningu ofl tengdu.

**Samfélagslegt hlutverk** - tæp 5% fjalla um samfélagslegt hlutverk listasafna, samtal við samfélagið og lýðræðið.

**Fjármagn** - tæp 5% fjalla um fjármagn í rekstri og áhrif hans.

**Innviðir** - rúm 2% svaranna koma inn á innviði listasafna, s.s. húsnæði og öryggismál.

**Stafrænar leiðir** - rúm 2% svaranna fjalla um stafrænar leiðir.

Þessi flokkun er gróf og eins og áður er skörun í svörum og sum svör koma inn á fleiri en einn þátt. Auk þessara atriða sem nefnd hafa verið komu svörin in á varðveislu, rannsóknir og skráningar. Einnig var talað um samstarf af ýmsu tagi, s.s. við skóla, listamenn, grasrót. Sjá öll svör í viðauka

# Netkönnun - spurningar

**Spurning 19** - Getur þú nefnt verkefni sem þú telur að hafi gengið vel og séu fyrirmyndarverkefni í þeim skilningi að það gæti verið nýtsamlegt fyrir önnur listasöfn að nýta. Alls svöruðu 63 manns

***Fyrirmyndarverkefni sem nefnd voru oftast en tvisvar sinnum:***

Morris Sölvi og blómamyndir Kjarvals, Listasafn Reykjavíkur - ólíkar sýningar með sama þema, setur list hér á landi í samhengi við erlenda listasögu

Gæðastundir fyrir fólk með heilabilun og samstarf við eldri borgara, Listasafn Íslands

Krakkaklúbburinn Krummi, Listasafn Íslands

Yfirlitssýningar Listasafns Reykjavíkur á starfandi listamönnum með veglegri útgáfu


***Nefnd tvisvar sinnum:***

Safneignaskráning Nýló  
Sýningarstefna Listasafns Árnesinga

***Einnig nefnd:*** Sýndarsafn Listasafns Íslands  
Haustsýningarskrá Hafnarborgar, tengir ólíka parta samfélags  
Ásmundur og nútíma myndlistarmenn í Ásmundarsafni  
Þjóðasagnamyndir Ásgríms Jónssonar og leiðsögn (LÍ)  
Norræna húsið og listasmiðjur fyrir börn, ásamt upplestri úr bókum  
Fjársjóður þjóðar, yfirlitssýning (LÍ)  
Lettresk sýning, Talk to me (LA)  
Hrina, LÍ  
Víðernasýning, LÍ  
Blómaþema, LR  
Samstarf safna á Landsbyggðinni  
Safnfræðsla í menningarhúsum (MKóp)  
Flakkari, LR  
App með upplýsingum um útilistaverk, LR  
Ný öld norræn framtíðarsýn, samnorrænt barnasamstarf  
Listavefurinn, barnasamstarf  
Ljós í norðri-norræn list á netinu, barnasamstarf  
Halló listaverk, barnasamstarf  
Fiðrildi og furðudýr, barnasamstarf  
Sameiginleg skráning / varðveisla  
Tungumálakennsla

# Netkönnun - spurningar

**Spurning 20** - Hér hefur þú tækifæri til að skila inn hugmyndum og ábendingum inn í stefnumótunarvinnuna sem þér finnst að ekki hafi komið nógu vel fram í þessari könnun. Alls svöruðu 44 manns



Flest af því sem nefnt var hér hefur komið fram áður en þó er ýmislegt sem vert er að skoða betur. Nokkur fjölbreytni var í svörum eins og sjá má á myndinni.

**Gegnsæi og þátttaka** - stór hluti svaranna snýr að gagnsæi og þátttöku s.s. við sýningahald, innkaup og þá stefnu sem tekin er.


**Styrkja grunnstarfsemi** - nokkur hluti svaranna fjallar um nauðsyn þess að styrkja grunnstarfsemi listasafnanna og eins er komið inn á *fjárskort*.

Eins og áður er skörun í svörum og sum svör koma inn á fleiri en einn þátt.

Sjá öll svör í viðauka.

# Netkönnun - bakgrunnsspurningar

Q21 KynVinsamlegst merktu við.



## Kyn

Konur 68,75%  
Karl 29,69%  
Annað 1,56%

Alls svöruðu 128 manns

## Aldur

|           |          |
|-----------|----------|
| 20-29 ára | 5 manns  |
| 30-39 ára | 6 manns  |
| 40-49 ára | 25 manns |
| 50-59 ára | 41 manns |
| 60-69 ára | 31 manns |
| 70+ ára   | 11 manns |


Alls svöruðu 119 manns

## Menntun

|                         |        |
|-------------------------|--------|
| Grunnskólapróf          | 1,54%  |
| Stúdent                 | 4,62%  |
| BA/BSc                  | 41,54% |
| Meistaragráða eða meira | 52,31% |


Alls svöruðu 130 manns

Q24 Hver er þín menntun? Merktu við efsta menntunarstig.



# Netkönnun - bakgrunnsspurningar

## Q25 Búseta



### Búseta

|                   |        |
|-------------------|--------|
| Höfuðborgarsvæðið | 79,23% |
| Landsbyggðin      | 16,15% |
| Erlendis          | 4,62%  |

Alls svöruðu 130 manns

## Hversu lengi starfað í tengslum við myndlist/listasöfn

Alls svöruðu 115 manns

|            |          |
|------------|----------|
| 0-5 ár     | 14 manns |
| 6-10 ár    | 9 manns  |
| 11-20 ár   | 17 manns |
| 21-30 ár   | 28 manns |
| 31-40 ár   | 15 manns |
| 41+ ár     | 13 manns |
| Á ekki við | 19 manns |